

**Ed.**

**396. Nefndarálit**

**[23. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá ýmsum aðilum. Þar sem vitað er, að stjórnskipuð nefnd starfar að því að yfirfara og gera tillögur um breytingar á þeim lögum, sem hér er fjallað um, varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 6. marz 1970.

Steinþór Gestsson,  
form., frsm.

Karl Guðjónsson.

Jón Þorsteinsson,  
fundaskr.

Jónas G. Rafnar.  
Jón Árnason.

Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.